

Fundargerð 838. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2016, föstudaginn 29. apríl kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Ísólfr Gylfi Pálmason.

Eiríkur Björn Björgvinsson boðaði forföll, en varamaður hans hafði ekki tök á því að sitja fundinn. Gunnar Einarsson var fjarverandi. Formaður bauð Heiðu Björgu Hilmisdóttur velkomna, en hún sat nú stjórnarfund í fyrsta sinn.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 837. fundar - 1511020SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 837. fundar frá 18. mars 2016.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Fundargerð XXX. landsþings sambandsins 2016 - 1511223SA

Lögð fram fundargerð XXX. landsþings sambandsins frá 8. apríl 2016.

3. Fundur Jónsmessunefndar - 1601005SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 27. apríl 2016, ásamt minnisblaði sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, vegna 1. liðar í fundargerðinni.

4. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA

Lögð fram fundargerð 98. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 7. apríl 2016.

Stjórnin tekur undir bókun skólamálanefndar við 4. lið fundargerðarinnar, um stöðu og þróun sérkennslu og stuðnings. Þar hvetur skólamálanefnd sveitarfélög til þess að leita skýringa á þeirri miklu aukningu á eftirspurn eftir sérkennslu og stuðningi sem þar er lýst. Stjórnin telur mikilvægt að sérfræðingar sambandsins vinni jafnframt markvisst að málefninu.

5. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 1511037SA

Lögð fram fundargerð 30. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 13. apríl 2016.

Sigurður Björn Blöndal kom til fundar kl. 12:50.

6. Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins - 1603047SA

Lagt fram bréf Gunnlaugs A. Júlíussonar, dags. 4. apríl 2016, þar sem hann segir upp starfi sínu sem sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins og óskar eftir að starfslok verði í lok apríl 2016.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um ráðningu Sigurðar Ármanns Snævarr hagfræðings í stað Gunnlaugs, sbr. auglýsingu um starfið sem birtist í dagblöðum 2. apríl sl., og gerði grein fyrir rökstuðningi með tillögunni. Eftirfarandi samþykktir gerðar samhljóða:

Stjórn sambandsins fellst á ósk Gunnlaugs og samþykkir starfslok frá og með 1. maí 2016.

Stjórnin sambandsins fellst jafnframt á tillögu framkvæmdastjóra og samþykkir að ráða Sigurð Ármann Snævarr hagfræðing í starf sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins og felur framkvæmdastjóra að ganga frá ráðningarsamningi við hann og semja um upphafstíma starfs.

Gunnlaugi A. Júlíussyni voru síðan þökkuð farsæl störf í þágu sambandsins og sveitarfélaganna, en hann kom til starfa hjá sambandinu árið 1999. Framkvæmdastjóri og formaður afhentu Gunnlaugi blómvönd frá sambandinu með góðum óskum um velfarnað í nýju starfi á vettvangi sveitarstjórnarstigsins.

7. Skýrsla um rekstrarfyrirkomulag Innheimtustofnunar sveitarfélaga - 1205013SA

Tekin upp að nýju skýrsla KPMG um rekstrarfyrirkomulag Innheimtustofnunar sveitarfélaga, dags. 18. ágúst 2015, sem áður var á dagskrá stjórnar sambandsins 26. febrúar 2016, en þá var umræðu frestað til næsta fundar.

Á fundinn komu Svanbjörn Thoroddsen, Partner á ráðgjafasviði KPMG, Sigurður Pétursson, formaður stjórnar, og Jón Ingvar Pálsson, framkvæmdastjóri Innheimtustofnunar sveitarfélaga, og kynntu og ræddu framangreinda skýrslu.

8. Kjarasamningar 2015-2019 - 1409043SA

Lagðir fram til staðfestingar samningar milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, dags. 7. apríl 2016, Sjúkraliðafélags Íslands, dags. 2. apríl 2016, Dýralæknafélags Íslands, dags. 31. mars 2016, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, dags. 22. apríl 2016, Félags íslenskra félagsvísindamanna, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Félagsráðgjafafélags Íslands, Fræðagarðs, Iðjuþjálfafélags Íslands, Sálfræðingafélags Íslands, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræða, Stéttarfélags lögfræðinga og Þroskaþjálfafélags Íslands, dags. 21. mars 2016, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórnin samþykkir framangreinda kjarasamninga fyrir sitt leyti.

9. Samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga 2017-2021 - 1112006SA

Lagt fram samkomulag, dags. 18. apríl 2016, milli fjármála- og efnahagsráðherra, innanríkisráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga, um

markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2017-2021 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

10. Samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms - 1601073SA

Lagt fram samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 13. apríl 2016, ásamt minnisblaði sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 15. apríl 2016, um helstu atriði samkomulagsins.

11. Íbúðarhúsnæði fyrir lágtekjufólk - 1604002SA

Lagt fram afrit af bréfi Ísafjarðarbæjar til Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, dags. 30. mars 2016, þar sem óskað er eftir fundi vegna uppbyggingar íbúðarhúsnæðis fyrir lágtekjufólk í bæjarfélaginu.

Framkvæmdastjóra falið að fylgjast með málinu og framgangi þess.

12. Uppbygging ferðamannastaða - 1603046SA

Lögð fram drög að samstarfssamningi milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stjórnstöðvar ferðamála í tengslum við landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, ásamt verkefnalýsingu, dags. 29. mars 2016, þar sem gert er ráð fyrir tímabundinni ráðningu starfsmanns hjá sambandinu til þess að fá yfirsýn og mat á uppbyggingarþörf ferðamannastaða með hliðsjón af framtíðarþörf, núverandi ástandi og spám um fjölda gesta. Áætlaður kostnaður er 9,2 m.kr. sem skiptist að jöfnu milli sambandsins og Stjórnstöðvar ferðamála.

Stjórnin samþykkir fyrir sitt leyti samstarfssamning í tengslum við landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og heimilar framkvæmdastjóra að ráða starfsmann til verkefnisins til ársloka 2016.

13. Skattaundanskot - 1604261SA

Lagður fram tölvupóstur Eiríks Björns Björgvinssonar, bæjarstjóra á Akureyri, dags. 25. apríl 2016, um skattaundanskot og leiðbeiningar um hagsmunaskráningu sveitarstjórnarmanna.

Afgreiðslu málsins frestað og framkvæmdastjóra falið að láta taka saman upplýsingar um málið.

14. Málefni barna með alvarlegar raskanir - 1604368SA

Lagt var fram afrit af bréfi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til félags- og húsnæðismálaráðherra, dags. 27. apríl 2016, þar sem ítrekuð er beiðni um viðbrögð velferðarráðuneytisins vegna neyðarástands í málefnum barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Á fundinn kom Tryggi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og gerði nánari grein fyrir málinu. Eftirfarandi samþykkt gerð samhljóða á fundinum:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur undir erindi sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til félags- og húsnæðismálaráðherra vegna neyðarástands í málefnum barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Stjórnin lýsir yfir miklum áhyggjum af stöðu þessara barna.

Stjórnin tekur undir þá kröfu að velferðarráðuneytið skýri hvernig ríkið ætlar að sinna skyldum sínum í þessum efnum skv. barnaverndarlögum. Stjórnin skorar á félags- og húsnæðismálaráðherra að ganga strax í að leysa þennan vanda.

15. Breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga - 1604014SA

Lagt fram bréf Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, dags. 8. apríl 2016, um breytingar á samþykktum sjóðsins. M.a. er lagt til að heiti sjóðsins breytist í BRÚ Lífeyrissjóður sveitarfélaga.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir fyrir sitt leyti framlagðar tillögur um breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

16. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla - 1602059SA

Tekin upp að nýju umræða vegna umsagnar sambandsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 (sjálfstætt reknir grunnskólar), sem áður var á dagskrá stjórnar sambandsins 18. mars 2016, en þá var samþykkt að taka málið til umfjöllunar að nýju á næsta stjórnarfundum.

Samþykkt var að vísa málin að nýju til skólamálanefndar sambandsins og óska eftir því að nefndin fjalli um málið með tilliti til breytinga sem hafa orðið á frumvarpinu frá því að það var sent til umsagnar sambandsins.

17. Heildarendurskoðun samþykpta sambandsins - 1604013SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar og útgáfusviðs sambandsins, dags. 7. apríl 2016, vegna ályktunar XXIX. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga um heildarendurskoðun samþykpta sambandsins.

Framkvæmdastjóra falið að leggja fram tillögu á næsta fundi stjórnar um skipan vinnuhóps til að fara yfir samþykktir sambandsins og skoða hvort ástæða er til þess að gera á þeim breytingar.

18. Útnefning tengiliðs við verkefnisstjórn - 1603032SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 17. mars 2016, þar sem Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er útnefnd sem tengiliður sambandsins við verkefnisstjórn þriggja ráðuneyta sem hefur verið skipuð til að vinna nákvæma greiningu á því hvaða laga- og reglugerðarbreytingar er nauðsynlegt að gera svo hægt sé að lögfesta ákvæði í barnalög um skipta búsetu barns.

19. Tilnefning í starfshóp um breytt fyrirkomulag á greiðslupátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum - 1603042SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 22. mars 2016, þar sem Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefndur í starfshóp um breytt fyrirkomulag á greiðslupátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

- 20. Tilnefning í starfshóp vegna stofnunar hamfarasjóðs - 1603026SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 23. mars 2016, þar sem Ásta Stefánsdóttir, bæjarstjóri í Árborg, og Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Fjallabyggð, eru tilnefnd í starfshóp vegna stofnunar hamfarasjóðs.
- 21. Tilnefning í reikningsskila- og upplýsinganefnd - 1604019SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 13. apríl 2016, þar sem Gísli H. Guðmundsson, borgarborgari og Ingibjörg Garðarsdóttir, fjármálastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, eru tilnefnd sem aðalmenn í reikningsskila- og upplýsinganefnd, og Sigurrós Ásta Sigurðardóttir, sérfræðingur á fjármáladeild Reykjavíkurborgar, og Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins, til vara.
- 22. Tilnefning í verkefnisstjórn sem á að fjalla um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum - 1604016SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 14. apríl 2016, þar sem Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, er tilnefndur í verkefnisstjórn sem á að fjalla um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
- 23. Tilnefning í starfshóp um skattlagningu orkumannvirkja - 1603045SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 14. apríl 2016, þar sem sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, er tilnefndur í starfshóp um skattlagningu orkumannvirkja.
- 24. Tilnefning í starfshóp sem á að fjalla um þjónustu við börn með athyglisbrest og ofvirkni - ADHD - 1604005SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 14. apríl 2016, þar sem Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í starfshóp sem á að fjalla um þjónustu við börn með athyglisbrest og ofvirkni (ADHD).
- 25. Tilnefning í stjórn Þjóðskrár Íslands - 1604018SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 18. apríl 2016, þar sem Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, er tilnefndur til áframhaldandi setu í stjórn Þjóðskrár Íslands.
- 26. Tilnefning í starfshóp til að endurskoða MÁU lögin - 1603035SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 21. apríl 2016, þar sem Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, og Erna Hrönn Geirsdóttir, lögfræðingur á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, eru tilnefnd í starfshóp til að endurskoða MÁU lögin.
- 27. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli o.fl. - 1603038SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 23. mars 2016, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli o.fl., 545. mál.

Fundi var slitið kl. 14:45.

Halldór Halldórsson

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari